



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til kjörinna fulltrúa á landsþingi
Sambands íslenskra sveitarfélaga,
framkvæmdastjóra sveitarfélaga, formanna og
framkvæmdastjóra landshlutasamtaka
sveitarfélaga og stjórnarmanna í sambandinu
sem eigi eru kjörnir fulltrúar á landsþingi

Reykjavík 18. mars 2011

1010020SA KB/mkh

Málalýkill: 002

Efni: Drög að stefnumörkun sambandsins 2011–2014

Ágætu landsþingsfulltrúar!

Hér meðfylgjandi eru drög að stefnumörkun sambandsins 2011–2014 sem verða til umfjöllunar á XXV. landsþingi sambandsins föstudaginn 25. mars nk. Drögunum verður dreift útprentuðum með öðrum gögnum á landsþinginu.

Eins og áður hefur komið fram í bréfi til landsþingsfulltrúa verða drög að stefnumörkun rædd í fimm umræðuhópum á þinginu. Gert er ráð fyrir að yfirmarkmið, leiðarljós og hlutverk sambandsins fái umræðu í öllum umræðuhópum, en að undirmarkmið og leiðir skiptist á eftirfarandi hátt í hópana:

Hópur 1 Umræðustjóri: Guðríður Arnardóttir

- 3.9 Félagsþjónusta
- 3.10 Húsnæðismál
- 3.15 Byggða- og atvinnumál

Hópur 2 Umræðustjóri: Elín R. Líndal

- 3.12 Umhverfis- og hreinlætismál
- 3.13 Skipulags- og byggingarmál
- 3.14 Umferðar- og samgöngumál

Hópur 3 Umræðustjóri: Dagur B. Eggertsson

- 3.2 Tekjur sveitarfélaga
- 3.3 Rekstur og þjónusta
- 3.4 Samskipti ríkis og sveitarfélaga

Hópur 4 Umræðustjóri: Hanna Birna Kristjánsdóttir

- 3.5 Lýðræði í sveitarfélögum
- 3.7 Málefni íbúa af erlendum uppruna
- 3.8 Alþjóðamál
- 3.11 Fræðslu- og uppeldismál



Hópur 5 Umræðustjóri: Eiríkur Björn Björgvinsson

- 3.1 Kjaramál
- 3.6 Jafnréttismál
- 3.16 Málaflokkar sem sambandið sinnir takmarkað

Þingfulltrúar eru vinsamlega beðnir um að velja sér hóp og gera grein fyrir því vali við skráningu á þingstað.

Jafnframt eru þeir landsþingsfulltrúar, sem enn hafa ekki tilkynnt þátttöku á landsþinginu, beðnir um að tilkynna þátttöku eða forföll með tölvupósti á netfangið ragnheidur@samband.is eða í síma 515 4943 í síðasta lagi mánudaginn 21. mars nk.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Drög að stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2011–2014